

Hinn 13. f. m. kom hann fyrir dóm við framhaldsrannsókn í málinu og skyldi þá staðfesta framburð sinn. Lýsti hann þá yfir því að gefnu tilefni frá dómara, að hann væri utan trúfélags, en kvaðst ekki gera nánari grein fyrir trúarsannfæringu sinni. Kvaðst hann fús að staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti.

Skipaður sækjandi í málinu, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, krafðist þess þá, að vitnið yrði með úrskurði skyldað til að svara því, hvort það tryði á guð og hvort heit samkvæmt því samræmdist trúarsannfæringu þess.

Af 100. gr. laga nr. 27/1951, 2. mgr. 1. tl., leiðir, að dómari skal spyrja vitni framangreindra spurninga, og svari vitni þeim játandi, skal eiðvinning fara fram, eins og greint er í nefndum 1. tl. Gefi vitni ekki slíka yfirlýsingu, skal heit fest skv. 2. tl. nefndrar greinar. Að álitni dómsins þykja nefndar spurningar þess eðlis, að vitni verði eigi skyldað til að veita svör við þeim, enda þykir slík skylda ekki verða leidd af ákvæðum 100. gr. laga nr. 27/1951. Verður vitnið Ragnar Jónsson því eigi skyldaður til að svara því, hvort hann trúi á guð og hvort heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæringu hans.

Dráttur varð á uppkvaðningu úrskurðar þessa sakir anna dóm-
arans.

Því úrskurðast:

Vitninu Ragnari Jónssyni er óskytt að svara framangreindum
spurningum.

Mánudaginn 18. janúar 1954.

Nr. 57/1952. **Sigríður Einarsdóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn

Gísla Halldórssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Berg-
steinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og hrl.
Sveinbjörn Jónsson.

Lögtak samkvæmt meðlagsúrskurði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn
áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1952, krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að gera lögtak hjá gagnáfrýjanda fyrir kr. 9.000,00 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 13. júní 1952 og áfrýjað málinu með stefnu 20. s. m. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang lögtaksgerðarinnar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetaðómi og Hæstarétti.

Eftir uppsögu úrskurðar fógeta hefur aðaláfrýjandi, Sigríður, gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi, vitni hafa verið leidd og ný skjöl lögð fram.

Aðiljar máls þessa slitu samvistir um mánaðamótin nóvember og desember 1949 eða í desember s. á., og fór gagnáfrýjandi, Gísli, þá af heimili þeirra, en aðaláfrýjandi, Sigríður, bjó þar eftir ásamt sonum þeirra þremur. Hinn 14. nóvember 1950 fengu þau leyfisbréf til hjónaskilnaðar, og hinn 7. desember 1951 urðu þau ásátt um, að skipti á búi þeirra skyldi miða við 1. desember 1949.

Aðaláfrýjandi, Sigríður, hefur nú fyrir dómi skýrt svo frá, að þau Gísli hafi eftir samvistarslitin komið sér saman um, að Gísli greiddi henni í peningum kr. 3.000,00 mánaðarlega til heimilis hennar og sona þeirra, unz lagaskilnaður þeirra yrði ger, og stæði auk þess straum af ýmsum útgjöldum heimilisins, svo sem rafmagni, olíu, aukakennslu sona þeirra o. fl. Hafi þetta samkomulag verið endurnýjað vorið 1950. Samkvæmt þessu hafi gagnáfrýjandi, Gísli, greitt henni áskildar kr. 3.000,00 um nokkurra mánaða skeið og staðið jafnframt að nokkru undir umsömdum kostnaði. En þar sem vanefndir hafi orðið af hans hendi um greiðslu framfærslu-peninga fyrir suma mánuði, hafi hún snúið sér til sakadóm-ara og krafizt úrskurðar á hendur gagnáfrýjanda, Gísla. Hinn 19. október 1950 gaf sakadómari út úrskurð, þar sem gagnáfrýjanda var gert að greiða aðaláfrýjanda, Sigríði, framfærslueyri henni og sonum þeirra til handa, kr. 3.000,00 á mánuði hverjum, mánuðina desember 1949, janúar til marz 1950 og frá 1. október 1950. Ákvæði úrskurðar þessa stóðu,

þangað til ákvæði skilnaðarbréfsins frá 14. nóvember 1950 tóku við, en nú er einungis krafizt lögtaks samkvæmt úrskurðinum. Hinn 31. janúar 1950 hafði gagnáfrýjandi, Gísli, greitt til aðaláfrýjanda kr. 3.000,00, og standa því eftir ógreiddar samkvæmt úrskurðinum kr. 9.000,00. Aðaláfrýjandi, Sigríður, krafðist lögtaks á hendur gagnáfrýjanda, Gísla, hinn 28. marz 1951. Var lögtakskrafan upphaflega kr. 15.000,00, kr. 12.000,00 samkvæmt úrskurði sakadómara og kr. 3.000,00 samkvæmt lögskilnaðarleyfinu, en krafan var lækkuð, er í ljós kom, að kr. 3.000,00 samkvæmt úrskurðinum og aðrar kr. 3.000,00 samkvæmt hjónaskilnaðarbréfinu höfðu verið inntar af hendi.

Hinn 20. október 1950 var úrskurður sakadómara birtur af stefnuvottum á vinnustað gagnáfrýjanda, Gísla, fyrir starfsmanni þar, sem lofaði að koma honum til skila. Hinn 9. apríl 1951 ritaði gagnáfrýjandi sakadómara og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur, þar sem hann, Gísli, hefði verið búinn að fullnægja framfærsluskyldu sinni fyrir tímabil það, sem úrskurðurinn tekur yfir. Sakadómari sinnti ekki þeirri kröfu. Hinn 7. ágúst 1951, meðan málið var enn fyrir fúgetadómi, ritaði gagnáfrýjandi, Gísli, dómsmálaráðuneyti og krafðist þess, að úrskurður sakadómara yrði úr gildi felldur.

Úrskurður sakadómara er reistur á 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 2. og 3. gr. laga nr. 80/1947. Í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 er valdsmanni, hér sakadómara, sbr. 4. gr. laga nr. 65/1943, fengið vald til að kveða upp meðlagsúrskurði, m. a. þegar svo stendur á sem í máli þessu greinir, en um málskot til dómsmálaráðuneytis segir þar ekki. Slíkt málskot til æðra stjórnvalds þykir þó vera heimilt, enda sé það framkvæmt án ástæðulauss dráttar, eftir að aðili fékk eða mátti fá vitneskju um úrskurð valdsmanns. Í máli þessu leitaði Gísli ekki til sakadómara fyrr en liðnir voru nær sex mánuðir, frá því að úrskurðurinn var birtur, og skaut ekki úrskurði sakadómara til dómsmálaráðuneytis, fyrr en liðnir voru yfir níu mánuðir frá birtingu hans og meir en fjórir mánuðir, frá því að lögtaks var beiðzt samkvæmt honum. Slíkt málskot verður að teljast of seint framkvæmt, og stendur

úrskurður sakadómara því óhaggaður þegar af þeirri ástæðu.

Dómsmálaráðuneytið lýsti því í bréfi, dags. 10. ágúst 1951, að það felldi úrskurðinn ekki úr gildi, en lét í ljós það álit, að frá meðlagsfjárhæðinni bæri að draga allar greiðslur, sem upplýst er, að gagnáfrýjandi, Gísli, hafi greitt til aðaláfrýjanda, Sigríðar, á meðlagstímabilinu. Svo sem sagt var, staðhæfir aðaláfrýjandi, Sigríður, að þau Gísli hafi orðið ásátt um, að gagnáfrýjandi, Gísli, greiddi kr. 3.000,00 til hennar og sona þeirra, unz lögskilnaður væri ger, og auk þess ýmis heimilisútgjöld, og staðhæfir hún, að gagnáfrýjandi, Gísli, hafi stundum í verki viðurkennt þetta samkomulag. Gagnáfrýjandi, Gísli, hefur hins vegar fullyrt, að hann hafi á þeim tíma, er úrskurður sakadómara tekur yfir, fullnægt framfærsluskýldu sinni við aðaláfrýjanda, Sigríði, og syni þeirra, og hvíli því eigi á honum skylda til frekari greiðslna. Úrskurður sakadómara er fullnaðarúrskurður, og á honum eru engir þeir gallar, sem varða eigi ógildingu hans. Ber því að leggja hann til grundvallar. Óheimilt er að lögum að láta koma til frádráttar framfærslueyri þeim, sem í úrskurðinum greinir, aðrar greiðslur, sem gagnáfrýjandi, Gísli, hefur innt til heimilis aðaláfrýjanda, Sigríðar, og sona þeirra og aðiljar deila um, hvort gagnáfrýjandi, Gísli, hafi tekizt á hendur að greiða auk peninga. Skiptir það engu máli, þótt í bréfi dómsmálaráðuneytis gæti misskilnings að þessu leyti. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu aðaláfrýjanda til greina og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er, fyrir kr. 9.000,00.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.500,00.

Dómsorð :

Lögtak skal fram fara í eignum gagnáfrýjanda, Gísla Halldórssonar, fyrir kr. 9.000,00.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Sigríði Einarsdóttur, kr. 3.500,00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Reykjavíkur 10. marz 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigríður Einarssóttir, Bólstaðarhlíð 3 hér í bæ, krafizt lögtaks hjá fyrrv. eiginmanni sínum, Gísla Halldórssyni vélaverkfræðingi hér í bæ, til tryggingar ógreiddu meðlagi, að fjárhæð kr. 9.000,00. Gerðarþoli hefur mótmælt lögtakskröfu þessari, og var ágreiningurinn því lagður undir úrskurð fúgetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði sakadómarans í Reykjavík, út gefnum 19. október 1950, var gerðarþola gert að greiða gerðarbeiðanda í meðlag með henni og þremur sonum þeirra hjóna fyrir tímabilið desember 1949, janúar, febrúar og marz 1950 svo og frá og með 1. október 1950 kr. 3.000,00 á mánuði. Segir í úrskurðinum, að hjónin hafi slitið samvistir um mánaðamót nóvember og desember 1949, án þess að skilnaður að borði og sæng hafi farið fram, og enn fremur, að maðurinn muni hafa samþykkt þessa fjárgreiðslu. Með leyfisbréfi til algers skilnaðar aðilja, sem gefið var út af dómsmálaráðherra 14. nóvember 1950, skyldi gerðarþoli greiða gerðarbeiðanda meðlag með henni kr. 1.500,00 á mánuði í tvö ár frá 1. þess mánaðar að telja og kr. 500,00 í meðlag með hverju barni til fullnaðs 16 ára aldurs. Í lögtaksbeiðninni krafðist gerðarbeiðandi lögtaks fyrir kr. 15.000,00, og í greinargerðinni taldi hann þessa fjárhæð vera vangoldið meðlag fyrir mánuðina desember 1949 og janúar, febrúar og marz 1950 samkvæmt úrskurði sakadómara og meðlag fyrir janúarmánuð 1951 samkvæmt leyfisbréfi dómsmálaráðherra. Eftir að gerðarþoli hafði lagt fram í málinu kvittun gerðarbeiðanda fyrir kr. 3.000,00 greiðslu til heimilishalds í janúarmánuði 1951 og kvittun hennar, dags. 31. jan. 1950, fyrir kr. 3.000,00 fjárgreiðslu, lækkaði gerðarbeiðandi kröfu sína niður í þær kr. 9.000,00, sem nú er krafizt lögtaks fyrir.

Eftir að mál þetta kom í fúgetaréttinn, ritaði gerðarþoli sakadómaranum í Reykjavík bréf, þar sem hann lét í ljós þá skoðun sína, að úrskurður hans um meðlagsgreiðslu á hendur sér fyrir mánuðina des. 1949—marz 1950 væri á misskilningi byggður, þar sem hann hefði á þeim tíma séð fyrir heimilinu, og krafðist hann þess, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur fyrir þetta tímabil.

Sakadómari virðist ekki hafa viljað fallast á kröfu þessa, og ritaði gerðarþoli þá dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 7. ágúst 1951, og krafðist hann þess þar, að ráðuneytið felldi úrskurð þenna úr gildi, og var krafan sett fram á sama grundvelli og áður í bréfi gerðarþola til sakadómara. Ráðuneytið tilkynnir síðan gerðarþola í bréfi, dags. 10. sama mánaðar, að það geti ekki fallizt á það að fella úrskurð þenna úr gildi, en segir síðan í bréfi til gerðarþola: „Hins vegar lítur ráðuneytið svo á, að frá meðlagsupphæðinni beri að draga

allar þær greiðslur, sem upplýst er, að þér hafið greitt til konunnar á meðlagstímabilinu.“

Skipti á félagsbúi gerðarbeiðanda og gerðarþola hófust í skiptarétti Reykjavíkur með uppskrift á eignum búans 9. okt. 1950, en þá var hjónaskilnaðarmál þeirra til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu. Hinn 7. desember 1951 urðu aðiljar loks sammála um að miða skiptin við 1. des. 1949, en frá þeim degi var, eins og áður er fram tekið, gerðarþola gert að greiða meðlag með gerðarbeiðanda, og er því meðlagskrafa sú, sem hér um ræðir, persónuleg krafa á hann, en snertir ekki félagsbúið.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram í máli þessu, að svo hafi verið um samið milli hjónanna í maímánuði 1950, að gerðarþoli greiddi henni frá samvistarslitum kr. 3.000,00 á mánuði, eins og úrskurður sakadómara tiltekur, auk oliu, rafmagns og aukatíma fyrir börn aðilja og aðra þá reikninga, er ekki gætu talizt undir húshald. Telur hann því, að kröfur þær, sem gerðarþoli hefur fært fram í máli þessu til skuldajafnaðar, hafi ekki við nein rök að styðjast, auk þess sem hann heldur því fram, að fógetarétturinn hafi ekki vald til að úrskurða um skuldajöfnuð fyrir þessum kröfum, sem hann hefur mótmælt sem röngum og máli þessu óviðkomandi. Hefur hann jafnframt haldið því fram, að ofangreint samkomulag aðilja sé sannað með því, að auk þess sem gerðarþoli hafi greitt þær kr. 3.000,00, sem hann hafi lofað, að undantekinni lögtakskröfu þeirri, sem hér um ræðir, þá hafi hann samhliða greitt reikninga þá, sem hér eigi að koma til skuldajafnaðar.

Gerðarþoli heldur því aftur á móti fram, að samkomulag hafi orðið um meðlagsgreiðslu gerðarþola til gerðarbeiðanda í marz-mánuði 1950 á þann hátt, að gerðarþoli greiddi gerðarbeiðanda meðlag með henni og þremur sonum þeirra hjóna kr. 3.000,00 á mánuði frá og með 1. apríl 1950, og þá gengið út frá af sinni hálfu, þótt ekki væri um það rætt, að öllum meðlagskröfum til þess tíma væri fullnægt, enda engir samningar gerðir fyrir það tímabil. Telur hann, að þessi greiðsla hafi átt að vera full meðlagsgreiðsla með konu og börnum, enda sé það í samræmi við úrskurð sakadómarans, að því er snertir ákvörðun mánaðarlegra meðlagsgreiðslna, og sérstaklega komi þetta berlega í ljós í áminnztu bréfi dómsmálaráðuneytisins til sín, sem einnig heimili skuldajöfnuð að því leyti. Telur gerðarþoli því engan vafa leika á því, að fógeti eigi úrskurðarvald um kröfur þær, er hann hefur lagt hér fram í máli þessu til skuldajafnaðar, sem komi gleggst fram á réttarskj. nr. 25 undir liðunum III, IV og V, og hafi sér ekki verið unnt að ákveða þær endanlega, fyrr en fyrir lá, við hvaða tíma ætti að miða skiptin, en það hafi fyrst verið 7. des. 1951, og dómsniðurstaða í máli milli aðilja í sambandi við kaupmála þeirra, en dómur í því máli hafi fallið í Hæstarétti 11. f. m.

Hefur gerðarþoli krafizt þess, að allar þær kröfur, sem tilgreindar eru á réttarskj. nr. 25 undir liðunum III—V að báðum meðtöldum,

eigi að koma til skuldajafnaðar lögtakskröfu þessari að undanteknum kr. 3.000,00 undir lið III, fylgiskj. 84, þar sem gerðarbeiðandi hafi þegar dregið þá fjárgreiðslu frá lögtakskröfunni.

Ekki verður talið sannað, að gerðarbeiðandi hafi við samkomulag aðilja, það er fram fór fyrri hluta árs 1950 um meðlagsgreiðslur gerðarpola til hennar, fallið frá meðlagsgreiðslum fyrir tímabilið frá samvistarslitum um mánaðamót nóvember og desember 1949 til marzloka 1950, að greiðslur til hennar hófust, og verður því að telja, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að meðlagsúrskurður sakadómara standi óhaggaður að þessu leyti. Hins vegar verður umræddur úrskurður ekki skilinn á annan veg en þann, að gerðarþoli fullnægi að öllu framfærsluskyldu sinni gagnvart konu og börnum með kr. 3.000,00 greiðslu á mánuði, enda kemur sú skoðun heim við umgetið bréf dómsmálaráðuneytisins til gerðarpola, dags. 10. ágúst f. á., og hefur gerðarbeiðandi ekki tekizt að sanna gegn mótmælum gerðarpola staðhæfingu sína um frekara framlag.

Verður að lita svo á, að allar þær greiðslur, sem gerðarþoli hefur innt af hendi vegna gerðarbeiðanda eða til hagsbóta heimilinu, eftir að samvistir þeirra féllu niður, beri að koma til skuldajafnaðar við lögtakskröfu þessa, og verður ekki annað séð en fógeti hafi vald til að úrskurða um þær.

Kröfur þær, er hér koma til álita, eru á réttarskjali nr. 25 undir flokkunum III—V, og eru kröfurnar þessar:

III. flokkur:

1950

nr.	1.	Jan.	25.	Endurgreidd innborgun frá 9. nóv. 1949. Ókvittað, en á fylgiskjalinu stendur: „Afh. frú Halldórsson af Ól. Ól. 24/1 '50, en frúin neitaði að kvitta fyrir.“		fskj.	73 kr.	1.000,00
—	2.	Mái	5.	Greitt frú Sigríði Halldórs-son. Frúin kvittar fyrir. ...	—	455	—	1.225,00

IV. flokkur:

1949

nr.	1.	Des.	17.	Greiddur tollur af ávöxtum. Kvittun dags. 19/12 '49	fskj.	1901 kr.	292,24
—	2.	—	20.	Greitt flutningsgjald á ávöxtum	—	1919	— 133,80

1950

—	3.	Jan.	4.	Greitt áskriftargjald Alþýðublaðsins	—	9	— 24,00
—	4.	Jan.	9.	Greiddur tollur	—	24	— 9,20
—	5.	—	9.	Greitt skólagjald fyrir Steindór Gíslason	—	25	— 260,00
—	6.	—	10.	Greitt áskriftargjald fyrir			

		Vísi f. desember '49	fskj.	39. kr.	10,00
nr. 7.	Jan. 21.	Greitt fyrir rafmagn. Reikn. dags. 20/1 '50	—	48 —	175,54
— 8.	Marz 2.	Greitt H.Í.S. fyrir hráolíu. Reikningurinn dags. 30/1 '50	—	195 —	468,00
— 9.	— 6.	Greitt fyrir rafmagn	—	207 —	129,94
— 10.	— 15.	Greitt fyrir rafmagn	—	244 —	90,50
— 11.	— 18.	Greitt H.Í.S., hráolía. Reikn. dags. 2/1 1950	—	258 —	241,80
— 12.	— 24.	Greitt H.Í.S., hráolía. Reikn. dags. 15/12 '49	—	286 —	448,50
— 13.	Apr. 5.	Greitt Olíuverzlun Íslands h/f, sólarolía. Reikn. dags. 11/4 '50	—	344 —	800,40
— 14.	— 19.	Greitt áskriftargjald Al- þýðublaðsins, febrúar og marz 1950	—	402 —	24,00
— 15.	Mai 3.	Greitt O. P. Nielsen, við- gerð á olíukyndingu. Reikn. dags. 1/3 '50	—	446 —	47,90
— 16.	— 31.	Greitt H.Í.S. fyrir hráolíu. Reikn. dags. 3/3 '50	—	571 —	578,10
— 17.	Júní 26.	Greitt H.Í.S. fyrir gasolíu. Reikn. dags. 10/5 '50	—	657 —	574,78
— 18.	— 21.	Greitt rafmagn. Reikn. dags. 19/6 '50	—	639 —	146,09
— 19.	Sept. 25.	Greitt H.Í.S., gasolía. Reikn. dags. 18/8 '50	—	1054 —	409,96
— 20.	Okt. 4.	Greitt Halldóri Gíslasyni fyrir skólabækur	—	1077 —	163,00
— 21.	— 14.	Greitt Einari Gíslasyni fyrir skólabækur	—	1085 —	300,00

V. flokkur:

nr. 1.	Jan. 9.	Greitt fasteigna- og lóða- leigugjald	—	21 —	826,00
— 2.	— 25.	Greidd afborgun og vextir af Flókagötu 6. Fylgiskjalið ókvittað, en á því stendur: „Afhent frú Halldórsson af Ól. Ól. 24/1 '50, en frúin neitaði að kvitta fyrir.“ ..	—	72 —	992,93

III. flokkur.

Ekki virðist sannað af því, sem fyrir liggur, að fjárhæð sú, sem getur undir lið nr. 1, hafi runnið til gerðarbeiðanda, enda hefur maður sá, er talið er, að hafi afhent gerðarbeiðanda fjárhæð þessa, ekki

mætt hér fyrir rétti, og verður krafa þessi því ekki metin gild til skuldajafnaðar.

Fyrir fjárhæð þeirri, kr. 1.225,00, er getur undir lið 2, er kvittun gerðarbeiðanda á réttarskj. nr. 23, 16. bls. Þessa fjárhæð þykir verða að taka til greina til lækunar á meðlagskröfunni.

IV. flokkur.

Þá verður ekki talið, að til frádráttar meðlagskröfunni beri að reikna fjárhæðir þær, sem fram koma undir liðunum 1, 2, 3 og 6, sbr. fylgiskjöl með réttarskjali 9, né liðina 14 og 15, sbr. réttarskjal nr. 23, 14. og 15. bls., og ekki heldur kröfuna undir lið nr. 18, sbr. réttarskjal 26, 1. bls., þar sem ekki þykir fullsannað, að fjárgreiðslur þessar séu beinlínis inntar af hendi fyrir gerðarbeiðanda. Hins vegar verður ekki betur séð en fjárhæðirnar undir liðunum nr. 5, 7, 8, 9, 10, 11 og 12, sbr. fylgiskjöl með réttarskj. nr. 9, svo og liðirnir undir nr. 4, 13, 16, 17, 19 og 20 með fylgiskjöllum á réttarskjali nr. 23, 4., 13., 21., 24., 30. og 31. bls., og loks krafan undir lið nr. 21, sbr. réttarskjal nr. 26, 2. bls., beri að koma til frádráttar meðlagskröfunni, þar sem svo virðist, að þær greiðslur hafi verið inntar af hendi sem hluti af framfærslu gerðarpola til gerðarbeiðanda.

Eftir þessum flokki þykir því verða að lækka meðlagskröfuna um þessar fjárhæðir: $9,20 + 260,00 + 175,54 + 468,00 + 129,94 + 90,50 + 241,80 + 448,50 + 800,40 + 578,10 + 574,78 + 409,96 + 163,00 + 300,00 = 4.649,72$.

V. flokkur.

Fjárhæðina kr. 826,00, sbr. fylgiskj. með réttarskj. nr. 9 undir lið nr. 1, þykir rétt að taka til greina til skuldajafnaðar við meðlagskröfuna, þar sem sú greiðsla er eingöngu í þágu gerðarbeiðanda sem einkaeiganda að eigninni Flókagötu 6 hér í bæ, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. f. m. í máli hjónanna Gísli Halldórsson gegn Sigríði Einarsdóttur, þar sem endanlega er úr því skorið, að eign þessi sé séreign hennar og félagsbúi þeirra hjóna óviðkomandi. Aftur á móti verður krafan undir 2. lið þessa flokks ekki tekin til greina, þar sem engar fullnægjandi sannanir liggja fyrir þeirri fjárgreiðslu.

Af því, sem hér að framan greinir, þykir verða að lækka lögtakskröfuna um kr. $1.225,00 + 4.649,72 + 826,00 =$ kr. 6.700,72, og verður því lögtak leyft aðeins fyrir kr. 2.299,28.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af önnum við embættið.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram fyrir kr. 2.299,28.

Málskostnaður falli niður.